

Alþingi
Erindi nr. P 127/015
komudagur 16.1.2002



HÁSKÓLI ÍSLANDS

GUÐFRÆÐIDEILD

Reykjavík, 11. janúar 2002

Allsherjarnefnd Alþingis.

Á deildarfundi í guðfræðideild miðvikudaginn 9. janúar var samþykkt meðfylgjandi svar guðfræðideildar við erindi yðar frá 27. nóvember 2001 þar sem óskað er umsagnar deildarinnar um frumvarp til laga um kirkjuskipan ríkisins, 19. máí, aðskilnaður ríkis og kirkju.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar.



Frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins Svar guðfræðideildar Háskóla Íslands

Guðfræðideild Háskóla Íslands hefur að beiðni allsherjarnefndar Alþingis (sbr. bréf nefndarinnar dags. 27. nóvember 2001) fjallað um frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Meginatriði frv. eins og kemur fram í 1. gr. er að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skuli njóta jafnréttis að lögum. Til að því markmiði verði náð er í 2. gr lagt til að aðskilnaður verði milli ríkis og þjóðkirkjunnar og honum verði að fullu náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Í 3.-5. gr. er nánar kveðið á um framkvæmd þessarar breytingar.

Það markmið sem nefnt er í 1. gr. frv. að allar kirkjudeildir og trúfélög skuli njóta jafnréttis að lögum er þegar tryggt í lögum íslenska lýðveldisins. Í stjórnarskránni, mannréttinda-sáttmálum, lögum um trúfélög og víðar er skýrt kveðið á um trúfrelsi. Í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Í 64. gr. segir að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna og öllum sé frjálst að standa utan trúfélaga. Loks segir í 65. gr. stjórnarskrár að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits m.a. til trúarbragða og skoðana.

Að mati flutningsmanna frv. er sú skipan að ríkisvaldið styður og verndar tiltekna kirkjudeild skv. 62. gr. stjórnarskrár í mótsögn við ofangreind trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og þess vegna er frv. flutt. Guðfræðideild telur ekki að svo sé enda hafi trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála í reynd haft meiri þýðingu bæði viðvíkjandi lagasetningu og þjóðfélagslegri breytni á Íslandi en ákvæðin um þjóðkirkju.

Eins og flutningsmenn taka fram í greinargerð er aðskilnaður ríkis og kirkju flókið verk. Guðfræðideild vill í því sambandi áréttta að aðdragandi slíks verks krefst mikillar vinnu af beggja hálfu. Þannig má benda á að samkvæmt greinargerð ætlast flutningsmenn frumvarps til að grundvallarspurningin um hvort aðskilnaður ríkis og kirkju skuli eiga sér stað sé beint til þjóðaratkvæðagreiðslu skv. stjórnarskrá og að unnið verði að

ýmsum útfærsluatriðu, til dæmis fjárhagslegum aðskilnaði, eftirá. Ekki virðist viðunandi að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir en allir þættir aðskilnaðarins hafi verið kynntir þjóðinni, m.a. hvernig fjárhagsmálum skuli komið fyrir. Ella er hætt við að óvissan hafi áhrif á atkvæðagreiðsluna þar sem valkostir verði óljósir í hugum margra. Meiri undirbúningsvinna þarf augljóslega að eiga sér stað áður en slík að atkvæðagreiðsla gæti átt sér stað.

Með tilliti til greinargerðar með frumvarpinu vill deildin taka fram að þjóðkirkjan stendur vörð um mannhelgi og mannréttindi, þ.á.m. trúfrelsi. Í þessu sambandi má benda á að fyrirkomulag þjóðkirkju var grundvallað með sömu stjórnarskrá og þeirri sem innleiddi trúfrelsi á Íslandi. Samband þjóðkirkju við aðrar kristnar kirkjudeildir hefur verið gott og samvinna milli þeirra aukist undanfarna áratugi. Benda má á að raddir um aðskilnað ríkis og kirkju koma sjaldnast frá fólki úr öðrum kirkjudeildum.

Bent skal á að á Íslandi er ekki ríkiskirkja. Evangelísk-lúthersk þjóðkirkja er lögum samkvæmt sjálfstætt trúfélag í sérstökum tengslum við ríkisvaldið sem helgast meðal annars af því að ríkisvaldið vill styðja hana og vernda. Í þessu sambandi er menningarlegt og sögulegt gildi kirkjunnar sem stofnunar mikilvægt.